

AÐALFUNDUR FIRST WATER HF.

Aðalfundur First Water hf. verður haldinn kl. 16:00 þann 22. maí 2025 og fer fram í Sjálandi, Garðabæ.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.
3. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með tap félagsins.
4. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum.
5. Stjórnarkjör.
6. Kjör endurskoðenda eða endurskoðunarfirma.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
9. Önnur mál löglega upp borin.

Þátttaka á fundinum takmarkast við þá er mæta á fundinn.

Reglur er varða þátttöku og atkvæðagreiðslu á fundinum

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu af hlutafé í félaginu. Einfaldur meirihluti ræður atkvæðum á hluthafafund nema annað leiði af samþykktum félagsins eða íslenskum lögum. Hluthafar sem ekki mæta á fundinn geta greitt atkvæði um dagskrárliði með bréfa atkvæði. Hluthafi getur veitt skriflegt og dagsett umboð. Slíkt umboð gildir einungis í eitt ár frá útgáfu. Umboð geta verið afturkölluð hvenær sem er þar til því hefur verið framvísað á fundinum. Umboðum skal skilað til félagsins áður en aðalfundur hefst.

Aðrar upplýsingar

Fundarstörf fara fram á íslensku. Fundargögn verða lögð fram á fundinum og eru fram að fundi aðgengileg á skrifstofu félagsins. Hluthafar eiga rétt á að ákveðin mál séu tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega kröfu til stjórn félagsins á netfangið agm@firstwater.is með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, 7 dögum fyrir fundinn.

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins, Urðarhvarfi 8B á 2. hæð eða á netfangið agm@firstwater.is

Reykjavík, 8. maí 2025

Stjórn First Water hf.